

Alþingi

Erindi nr. þ 121 / 1578

komudagur 16 / 4 1997

**Yfirlit yfir skipan dragnótaveiða
fiskveiðiárið 1996/1997**

Engin ákvæði eru lengur í gildandi lögum um dragnótaveiðar eða skipan þeirra. Í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða segir hins vegar að ráðherra geti með reglugerð ákveðið að auk almenns veiðileyfis skuli veiðar á ákveðnum tegundum nytjastofna, veiðar í tiltekin veiðarfæri, veiðar ákveðinna gerða skipa eða veiðar á ákveðnum svæðum háðar sérstöku leyfi. Geti ráðherra bundið leyfi eða úthlutun þess þeim skilyrðum er þurfa þykir. Ráðherra geti m.a. ákveðið að aðeins hljóti leyfi ákveðinn fjöldi skipa, skip af ákveðinni stærð eða gerð eða skip er tiltekna veiðar hafi áður stundað. Með stoð í þessari grein hefur ráðuneytið með reglugerð nr. 74/1996, um dragnótaveiðar, ákveðið að dragnótaveiðar skuli háðar sérstöku leyfi Fiskistofu.

Í 2. mgr. reglugerðarinnar segir að heimilt sé að binda leyfi og útgáfu þeirra þeim skilyrðum er þurfa þykir, m.a. um að aðeins hljóti leyfi ákveðinn fjöldi skipa, skip af ákveðinni gerð eða stærð, eða skip er dragnótaveiðar hafa áður stundað. Jafnframt er heimilt að binda heimildir til dragnótaveiða við ákveðin svæði og taka þá mið af stærð skipa, útgerðar- og heimahöfn og heimilisfesti útgerðar. Önnur ákvæði reglugerðarinnar lúta að reglum um útbúnað og frágang veiðarfærisins.

Landinu hefur verið skipt í fjögur veiðisvæði og bátum aðeins veitt veiðileyfi á því svæði sem þeir eru gerðir út frá. Síðan eru til sérleyfi sem nefnd hafa verið kolaleyfi, sem veitt eru til veiða á langlúru fyrir Suðurlandi og Vesturlandi en við veiðar á henni er notaður 120 mm möskvi en almennt er 135 mm möskvi áskilinn við veiðar. Þá eru sérleyfi í Faxaflóa en þau eru að því leyti ólík öðrum dragnótaleyfum, að bolfiskur má ekki fara yfir ákveðið hlutfall af heildarafra. Veiðar hafa ekki verið bundnar við ákveðinn fjölda báta en þó hefur nýjum aðilum ekki verið veitt leyfi til kolaveiða eða til veiða í Faxaflóa undanfarin ár. Útgáfa leyfa hefur ekki verið bundin við ákveðnar bátastærðir.

Í neðangreindri töflu má sjá fjölda báta með dragnótaleyfi á hverju svæði:

Svæði:	1993/1994	1994/1995	1995/1996	1996/1997	
Suður- og Vesturland	42	51	54	52	
Breiðafj. og Vestfirðir	54	52	48	42	
Norðurland	21	15	18	15	
NA-land og Austfirðir	24	23	23	21	
Kolaleyfi f. Suðurlandi	8	11	13	11	
Kolaleyfi f. Vesturlandi		5	12	9	11
Skarkolaleyfi í Faxaflóa*		14	14	14	14

*Skarkolaleyfi í Faxaflóa eru miðuð við almanaksár en ekki fiskveiðiár.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir dragnótaleyfum á hverju veiðisvæði á yfirstandandi fiskveiðiári:

Leyfi fyrir Suður- og Vesturlandi 1996/1997

Dragnótaveiðar eru heimilaðar á svæði fyrir Suður- og Vesturlandi, sem markast að austan af línu, sem dregin er austur og vestur um Papey og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi 270° frá Öndverðarnesi. Dragnótaveiðar eru bannaðar í Faxaflóa innan línu, sem dregin er milli Garðskagavita og Hellnanes.

Á svæði milli lína, sem dregnar eru réttvísandi vestur frá Garðskaga og réttvísandi suður frá Reykjanesi, eru allar dragnótaveiðar bannaðar innan fjögurra sjómílna frá fjörumarki frá kl. 18.00 á laugardögum til kl. 07.00 á mánudögum.

Á svæði milli lína, sem dregnar eru réttvísandi vestur frá Öndverðarnesi að línu sem dregin er réttvísandi 240° frá Hellnanesi, eru dragnótaveiðar bannaðar frá kl. 18.00 á laugardögum til kl. 07.00 á mánudögum.

Leyfi fyrir Vestfjörðum og Breiðafirði 1996/1997

Dragnótaveiðar eru heimilaðar á svæði fyrir Vestfjörðum og Breiðafirði, sem markast að sunnan af línu, sem dregin er réttvísandi 240° frá Hellnanesi og að norðan af línu, sem dregin er réttvísandi norður frá Geirólfsnúpi. Þá eru dragnótaveiðar bannaðar á eftirgreindum svæðum:

1. Fyrir Vestfjörðum á tímabilinu 1. júní til 31. október innan línu, sem dregin er frá Blakksnesi um Kópanesvita í Fjallskagavita og frá Barða í Sauðanesvita, á bátum lengri en 20 metrar, miðað við mestu lengd.
2. Á Breiðafirði innan línu, sem dregin er frá Selskeri (austan Sigluness á Barðaströnd) um Selssker sunnan fjarðarins í Eyrarfjall.
3. Á Grundarfirði á tímabilinu frá og með 1. september til og með 31. desember innan línu sem dregin er úr Krossanesvita í suðurenda Melrakkæyjar og þaðan í bæinn Akurtraðir.

Leyfi fyrir Norðurlandi 1996/1997

Dragnótaveiðar eru leyfðar á svæði fyrir Norðurlandi, sem markast að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi norður frá Horni og að austan af línu, sem dregin er réttvísandi norður frá Rifstanga. Þó eru dragnótaveiðar bannaðar á eftirgreindum svæðum:

1. Á Skagafirði innan línu, sem dregin er milli Fagraness og Elínarskers. Á hafnarsvæði Hofsóss, sem markast af línu, sem dregin er réttvísandi suður í 1000 metra fjarlægð frá Hellisnesi. Að norðan markast svæðið af línu, sem dregin er réttvísandi vestur um Hellisnes og að sunnan af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Grafaróshorni.
2. Á Ólafsfirði innan línu, sem dregin er úr Bríkurskeri í Æðarsker sunnan fjarðarins.

3. Á Eyjafirði innan línu, sem dregin er réttvísandi austur/vestur um Hríseyjarvita.
4. Á Skjálfandaflóa innan línu, sem dregin er milli Bríkur og Stakka á tímabilinu 1. febrúar til 15. ágúst.

Leyfi fyrir Norðausturlandi og Austfjörðum 1996/1997

Dragnótaveiðar eru leyfðar á svæði fyrir Austurlandi, sem markast að norðan af línu, sem dregin er réttvísandi norður frá Rifstanga og að sunnan af línu, sem dregin er suðaustur frá Stokksnesi. Þó eru dragnótaveiðar bannaðar á eftirtöldum svæðum:

1. Þistilfjörður:
 - a) Frá og með 1. apríl til og með 14. júní innan línu, sem dregin er milli Grenjaness og Rauðaness.
 - b) Frá og með 15. júní til og með 30. júní innan línu, sem dregin er milli Melrakkaness og Svínalækjartanga.
 - c) Frá og með 1. júlí til og með 15. ágúst innan línu, sem dregin er milli Grenjaness og Laxártanga.
2. Á Bakkaflóa innan línu, sem dregin er milli Skarfatanga og Svartness allt árið. Frá og með 15. febrúar til og með 30. júní innan línu, sem dregin er milli Fossáróss, Saurbæjartanga, Skarfatanga og Svartness.
3. Á Vopnafirði allt árið innan línu, sem dregin er milli Tangasporðs og Drangsness. Á tímabilinu frá og með 1. janúar til og með 30. júní innan línu, sem dregin er milli Fuglaness og Svartness.
4. Á Borgarfirði allt árið innan línu, sem dregin er milli Landsenda og Hafnartanga.
5. Á Seyðisfirði innan línu, sem dregin er milli Borgarnestanga og Dalatanga á tímabilinu frá og með 15. mars til og með 15. september.
6. Á Mjóafirði innan línu, sem dregin er milli Hofs og Kross á tímabilinu frá og með 15. mars til og með 15. maí.
7. Á Eskifirði allt árið innan línu, sem dregin er milli Mjóeyrar og Skeleyrar.
8. Reyðarfjörður:
 - a) Allt árið innan línu, sem dregin er frá Ljósá í Handarhald sunnan fjarðarins.
 - b) Frá og með 1. febrúar til og með 15. maí innan línu, sem dregin er réttvísandi norður frá Vattarnesvita.
9. Á Fáskrúðsfirði innan línu, sem dregin er milli Víkurskers og Kumlaskers á tímabilinu frá og með 15. febrúar til og með 15. maí.
10. Á Stöðvarfirði innan línu, sem dregin er frá Landatanga í Kambanes á tímabilinu 1. apríl til 15. júní, að báðum dögum meðtöldum.
11. Á Berufirði innan línu, sem dregin er milli Svartaskers og Karlsstaðatanga á tímabilinu frá og með 1. febrúar til og með 31. maí.

Kolaleyfi (langlúra) fyrir Suðurlandi 1996/1997 (120 mm möskvi)

Heimilt er að stunda langlúruveiðar með 120 mm möskva á dýpra vatni en 50 föðmum, á svæði sem markast af línu, sem dregin er réttvísandi austur frá Eystrahorni. Að vestan markast svæðið af línu sem dregin er réttvísandi vestur frá Garðskaga.

Veiðar með 120 mm möskva eru þó óheimilar innan 7 sjómílna frá fjörumarki á svæði milli lína, sem dregnar eru réttvísandi vestur frá Garðskaga og réttvísandi suður frá Hópsnesi.

Kolaleyfi (langlúra) fyrir Vesturlandi 1996/1997 (120 mm möskvi)

Heimilt er að nota 120 mm möskva til veiða á langlúru á dýpra vatni en 50 föðmum á svæði sem markast að norðan af línu, sem dregin er réttvísandi 240° frá Hellnanesi. Að sunnan markast svæðið af línu sem dregin er réttvísandi suður af Hópsnesi. Veiðar eru bannaðar í Faxaflóa innan línu, sem dregin er milli Garðskagavita og Hellnanes.

Veiðar með 120 mm möskva eru þó óheimilar innan 7 sjómílna frá fjörumarki á svæði milli lína, sem dregnar eru réttvísandi vestur frá Garðskaga og réttvísandi suður frá Hópsnesi.

Leyfi til skarkolaveiða í Faxaflóa 1996/1997

Skarkolaveiðar með dragnót í Faxaflóa eru heimilar innan línu, sem dregin er milli Garðskagavita og Malarrifsvita. Allar dragnótaveiðar eru bannaðar innan línu, sem dregin er úr Hólmsbergsvita í bauju nr. 6 og þaðan í punkt 64°22'N, 22°23'V og síðan um Þormóðssker í land.

Leyfi til skarkolaveiða í Faxaflóa gilda frá og með 15. júlí til og með 20. desember, eða þar til skarkolaafli bátsins í Faxaflóa nemur 90 lestum.

Í öllum leyfisbréfum er ákvæði þess efnis að ákvæði reglugerða og skyndilökana geti takmarkað veiðisvæðin frekar.

Afli vélbáta, veiddur í dragnot á árunum 1984-1994.

Tegundir	1984		1985		1986		1987		1988		1989		1990	
	tonn	hlutfall af heildarafla	tonn	hlutfall af heildarafla	tonn	hlutfall af heildarafla	tonn	hlutfall af heildarafla	tonn	hlutfall af heildarafla	tonn	hlutfall af heildarafla	tonn	hlutfall af heildarafla
Porskur	5,589	2.0	8.210	2.6	9,315	2.6	6.816	1.8	11.272	3.0	11.382	3.2	9.438	2.8
Ýsa	624	1.3	1.103	2.2	1,123	2.4	852	2.1	2.132	4.0	3.266	5.3	3.937	6.0
Ufsi	35	0.1	51	0.1	138	0.2	166	0.2	238	0.3	614	0.8	606	0.6
Karfi	13	0.0	6	0.0	41	0.1	92	0.1	82	0.1	154	0.2	62	0.1
Grálúða	0	0.0	3	0.0	1	0.0	1	0.0	4	0.0	9	0.0	1	0.0
Skarkoli	5,784	51.0	5.686	39.4	5,604	44.1	4.258	38.2	7.331	52.2	6.452	57.1	6.323	55.7
Langa/blálanga/keila	2	0.0	2	0.0	40	0.6	132	1.5	133	1.3	246	2.4	161	1.4
Steinbítur	410	4.0	642	6.7	1.120	9.2	938	7.4	1.289	8.8	1.705	12.1	1.106	7.7
Koli	438	81.3	972	71.2	1.692	80.0	5.948	90.0	7.432	92.1	5.684	91.2	3.942	83.8
Annað	326		266		207		362		332		343		360	
Samtals	13,221		16.941		19.281		19.656		30.245		29.855		25.936	
Tegundir	1991		1992		1993		1994		1995		1996		Alls	
	tonn	hlutfall af heildarafla	tonn	hlutfall af heildarafla	tonn	hlutfall af heildarafla	tonn	hlutfall af heildarafla	tonn	hlutfall af heildarafla	tonn	hlutfall af heildarafla	tonn	hlutfall af heildarafla
Porskur	6.779	2.2	7.201	2,7	8.950	3.6	9.106	5.1	9.511	5.6	12.735	7.0	116.304	3.1
Ýsa	3.397	6.4	1.379	3.0	1.762	3.8	3.419	5.9	4.164	6.9	5.536	9.9	32.694	4.8
Ufsi	949	1.0	883	1.1	488	0.7	1.062	1.7	1.583	3.3	2.083	5.3	8.896	1.0
Karfi	66	0.1	110	0.1	114	0.1	150	0.2	245	0.3	548	0.8	1.683	0.1
Grálúða	8	0.0	0	0.0	0	0.0	0	0.0	0	0.0	0	0.0	27	0.0
Skarkoli	5.957	55.2	5.233	49.9	7.322	58.5	9.021	76.1	8.155	76.8	7.769	70.2	84.895	55.2
Langa/blálanga/keila	157	1.2	180	1.3	101	0.7	161	1.6	211	2.0	239	2.4	1.765	1.3
Steinbítur	970	5.4	744	4.6	821	6.4	1.118	8.8	952	7.6	1.429	3.1	13.244	7.6
Koli	6.375	85.9	7.025	84.9	7.131	88.1	9.273	87.3	11.925	86.6	15.034	87.1	82.871	87,1
Annað	449		240		303		1.047		1.298		1.316		6.849	
Samtals	25.107		22.995		26.992		34.357		38.044		46.689		349.228	

Númer	Nafn skips	Loa	Brl	Afl- visir	Skráð hestofl	Þvermal skrúfu	Ath- semdir	Númer	Nafn skips	Loa	Brl	Afl- visir	Skráð hestofl	Þvermal skrúfu	Ath- semdir
1246	Egill SH 195	25,70	91,53	673	426	*1580		1264	Steinunn SF 10	27,86	115,79	434	426	1700	+
1743	Sigurfari GK 138	25,76	117,59	1216	715	*1700		1204	Jón Gunnlaugs GK 444	28,06	104,62	962	566	*1700	
102	Siggi Bjarna GK 5	25,80	102,01	545	551	1650		241	Hrónn BA 99	28,29	104,02	505	495	1700	
795	Drífa ÁR 300	25,82	85,48	999	624	*1600		1074	Saxhamar SH 50	28,78	127,58	631	601	1750	+
1213	Látravík BA 66	25,89	111,54	1040	650	*1600		1170	Andey BA 125	28,86	122,71	543	566	1600	+
1846	Kristinn Friðriksson SH 3	25,91	103,97	1447	706	*2050		219	Njarðvík KE 93	28,95	131,53	687	715	1600	+
1812	Sandafell HF 82	25,93	89,51	868	620	*1400		1629	Farsæll SH 30	29,49	177,58	1916	913	*2100	
1855	Sæfari ÁR 117	25,94	85,52	874	624	*1400		1426	Hvanney SF 51	29,65	115,32	1109	715	*1550	
1838	Freyja RE 38	25,94	136,05	2399	1.000	*2400	—	100	Haförn SK 17	29,91	148,94	769	801	1600	
1206	Erlingur SF 65	25,95	100,75	1279	800	*1600		1236	Þórir SF 77	30,03	125,29	1276	751	*1700	
2030	Ófeigur VE 325	25,95	138,28	2389	996	*2400	—	151	María Júlía BA 36	30,14	108,42	614	620	1650	
2017	Þór Pétursson GK 504	25,95	143,27	2099	913	*2300	—	88	Geirfugl GK 66	30,36	148,20	586	601	1626	
177	Stakkur VE 650	25,96	137,19	949	850	1860		244	Glófaxi VE 300	30,46	108,01	912	800	1900	
2040	Pinganes SF 25	25,96	161,57	2499	1.000	*2500	—	162	Sólrun EA 351	30,52	147,24	592	601	1640	
1639	Dalaröst ÁR 63	25,98	104,12	660	700	1570		43	Elliði GK 445	30,54	147,23	811	751	1800	
2048	Drangavík VE 80	25,98	161,60	2499	1.000	*2500		182	Grettir SH 104	30,63	147,66	756	700	1800	
1674	Sóley SH 124	25,99	144,15	1188	566	*2100		158	Oddgeir ÞH 222	30,69	164,16	1343	766	*1754	
1622	Smáey VE 144	25,99	161,31	1577	896	*1760		1156	Trausti ÁR 313	30,81	149,16	631	601	1750	
2190	Eyborg EA 59	25,99	164,54	3978	1.591	*2500		1159	Svanur SH 111	30,92	138,25	1159	715	*1620	
1595	Frár VE 78	25,99	171,79	1486	782	*1900		127	Sæfaxi VE 25	30,95	149,21		601		
1171	Gróttá HF 35	26,14	102,92	577	566	1700		1359	Sólborg RE 270	31,00	137,85	1276	751	*1700	
1321	Jóhannes Ivar ÍS 193	26,36	105,26	1323	715	*1850	+	1143	Gestur SU 159	31,10	138,07	793	751	1760	
1100	Siglunes HF 26	26,37	100,61	733	426	*1722		1343	Garðar II SH 164	31,22	141,92	1225	766	*1600	
62	Dóri á Býja GK 101	26,61	86,50	456	500	1520		1415	Hafðís SF 75	31,22	142,89	1441	900	*1600	
1458	Ársæll SH 88	26,69	100,89	660	426	*1550		1207	Una í Garði GK 100	31,26	138,22	945	851	1850	
1324	Bjarni Gíslason SF 90	26,72	101,16	780	494	*1580		1424	Þórsnes II SH 109	31,42	145,59	1225	766	*1600	
1739	Sléttunúpur ÞH 272	27,18	138,10	1952	1.001	*1950		1379	Haförn EA 955	31,47	142,19	1276	751	*1700	
1146	Danski Pétur VE 423	27,26	102,94	2190	996	*2200	—	1043	Sigurður Lárusson SF 110	31,54	149,65	566	555	1700	
137	Jóhanna ÁR 206	27,27	104,60	526	566	1550		173	Sigurður Ólafsson SF 44	31,76	123,96	692	641	1800	
1964	Fanneý SH 24	27,48	103,33	885	632	*1400		242	Geir goði GK 220	31,84	159,69	856	751	1900	
2140	Eldborg RE 22	27,60	208,81	552	575	1600	+	221	Sæfell ÍS 820	32,41	161,93		601		
1304	Ólafur Bjarnason SH 137	27,63	104,01	751	500	*1500		1297	Suðurey VE 500	32,60	153,07	1225	766	*1600	
1179	Ingimundur gamli HU 65	27,64	102,62	495	500	1650		1591	Núpur BA 69	32,69	182,02	1702	811	*2100	
1244	Grundfirðingur SH 12	27,64	102,62	543	566	1600		1652	Álsey VE 502	32,73	221,97	1597	840	*1900	
1399	Haukabergr SH 20	27,64	104,36	905	566	*1600		1134	Steinunn SH 167	32,85	144,18	1216	715	*1700	
13	Snætindur ÁR 88	27,75	102,46	456	500	1520		1640	Gyllir ÍS 261	33,04	171,92	811	751	1800	
260	Sveinbjörn Jakobsson SH 10	27,83	103,39	535	495	1800		124	Gaukur GK 660	33,12	180,85	847	751	1880	

*Skrúfuhringur

+ Auknar togveðiheimildir

- Skertar togveðiheimildir

Númer	Nafn skips	Loa	Brj	Afl- vísir	Skráð hestöfl	Dvermál skruflu	Ath- semdir	Númer	Nafn skips	Loa	Brj	Afl- vísir	Skráð hestöfl	Dvermál skruflu	Ath- semdir
1980	Andey SF 222	33,18	210,82	4685	1.802	*2600		1258	Byr VE 373	35,25	171,02	1225	766	*1600	
964	Gissur hvíti HU 35	33,22	165,26	835	801	1738		1202	Hringur GK 18	35,45	150,84	543	566	1600	
1125	Melavík SF 34	33,26	169,67	721	691	1740		51	Styrmir ÍS 207	35,45	190,40	1066	646	*1650	
245	Þórsnes SH 108	33,46	163,46	714	661	1800		11	Freyr GK 157	35,48	185,48	1141	1.001	1900	
67	Hafberg GK 377	33,65	188,64	1729	887	*1950		1042	Vörður ÞH 4	35,84	214,95	913	801	1900	
185	Sigbór ÞH 100	33,68	169,07	950	851	1860		236	Víkurnes ST 10	35,86	142,18	2302	1.001	*2300	
1291	Sæþór EA 101	33,75	149,77	1532	851	*1800		1612	Sturla GK 12	35,87	297,36	2181	991	*2200	
238	Hamrasvanur SH 201	33,78	167,85	941	826	1900		1608	Lómur HF 177	35,88	295,05	1836	816	*2250	
12	Geysir RE 82	33,78	185,88	649	601	1800		1679	Kofri ÍS 41	35,93	300,93	1398	991	2350	
977	Flosi ÍS 15	33,83	194,53	889	801	1850		1023	Skarfur GK 666	36,00	227,87	1016	900	1880	
1872	Geiri Péturs ÞH 344	33,98	241,99	2376	990	*2400		975	Sighvatur GK 57	36,03	232,54	996	851	1950	
10	Fróði ÁR 33	34,00	136,33	766	751	1700		89	Happasæll KE 94	36,05	178,55	1095	913	2000	
243	Guðrún VE 122	34,00	194,52	951	900	1760		249	Hafnarröst ÁR 250	36,36	217,52	971	851	1900	
1942	Bliki EA 12	34,00	215,98	2376	990	*2400		254	Sæborg GK 457	36,45	233,00	913	801	1900	
145	Þorsteinn GK 16	34,01	179,04	778	721	1800		253	Hamar SH 224	36,45	234,60	1141	1.001	1900	
239	Örvar SH 777	34,09	196,14	714	661	1800		256	Kristrún RE 177	36,52	199,76	1811	862	*2100	
1135	Kristbjörg VE 70	34,17	154,45	663	650	1700		2025	Bylgja VE 75	36,63	277,44	2681	993	*2700	—
980	Stafnes KE 130	34,22	196,68	865	801	1800		1462	Þórunn Havsteen ÞH 40	36,76	285,31	1834	991	*1850	
974	Bergur Vigfús GK 53	34,25	206,79	714	661	1800		1136	Rífsnes SH 44	36,80	226,48	2029	1.015	*2000	
120	Erling KE 140	34,26	179,38	1053	900	1950		2020	Þórunn Sveinsdóttir VE 401	36,86	277,18	2482	993	*2500	
262	Ágúst Guðmundsson GK 95	34,37	186,18	1134	900	2100		1052	Vinur ÍS 8	37,64	256,84	1923	962	*2000	
972	Atlanúpur ÞH 270	34,45	199,71	889	801	1850		91	Helga RE 49	37,77	198,81	1916	913	*2100	
72	Guðrún Hlín BA 122	34,47	183,09	649	601	1800		1039	Gjafar VE 600	37,82	236,90	1919	914	*2100	
971	Aðalvík KE 95	34,50	211,44	778	721	1800		76	Særún GK 120	37,95	236,09	1902	1.001	*1900	
1019	Sigurborg HU 100	34,59	219,84	1902	1.001	*1900		2204	Hafrafell ÍS 222	37,95	271,86	1418	811	*1750	
1009	Kristbjörg ÞH 44	34,60	187,25	1033	930	1850		259	Valdimar Sveinsson VE 22	38,12	207,46	1919	914	*2100	
978	Svanur EA 14	34,61	218,16	1902	1.001	*1900		1063	Kópur GK 175	38,42	252,56	966	870	1850	
1014	Auðunn ÍS 110	34,64	196,91	841	801	1750		233	Júlli Dan GK 197	38,46	242,90	2689	1.582	*1700	—
1916	Sigurfari ÓF 30	34,72	176,28	3808	1.523	*2500		168	Páll ÁR 401	38,52	234,38	2252	1.126	*2000	
2155	Brimir SU 383	34,75	224,84	1585	900	*1760		1562	Jón á Hofi ÁR 62	38,53	276,35	1756	900	*1950	
250	Skinney SF 30	34,90	175,46	841	801	1750		1056	Arnar ÁR 55	38,70	237,42	1259	913	2300	
257	Sigurvön Ýr BA 257	35,04	192,34		953			93	Brynjólfur ÁR 3	38,80	199,37	1365	650	*2100	
1013	Sjöfn ÞH 142	35,06	199,09	865	801	1800		1757	Oddeyrin EA 210	38,80	273,66	2277	990	*2300	
1753	Guðmundur Péturs ÍS 45	35,08	231,08	2429	991	*2450		1768	Nökkvi HU 15	38,82	283,22	2277	990	*2300	
1084	Friðrik Sigurðsson ÁR 17	35,13	161,63	601	646	1550		1481	Eldeyjar Súla KE 20	38,93	274,14	1765	840	*2100	
1000	Guðmundur Kristinn SU 40	35,14	229,46	714	661	1800		968	Arnpör EA 16	38,95	243,43	1186	751	*1580	
2211	Andvari VE 100	35,15	304,55	3541	1.265	*2800		1037	Dagfari GK 70	38,98	298,95	1801	1.059	*1700	

*Skrúfuhringur

+ Auknar togveiðheimildir

- Skertar togveiðheimildir

Númer	Nafn skips	Loa	Brl	AD- vísir	Skráð hestöfl	Dvermál skrúfu	Ath.- semdir	Númer	Nafn skips	Loa	Brl	AD- vísir	Skráð hestöfl	Dvermál skrúfu	Ath.- semdir
1645	Þuríður Halldórsdóttir GK 9	38,99	273,68	2280	991	*2300		2107	Haukur GK 25	46,85	479,35	6100	2.033	*3000	
237	Hrungnir GK 50	39,28	216,28	1201	1.001	2000		1278	Bjartur NK 121	47,02	460,58	5806	2.002	*2900	
2067	Frosti ÞH 229	39,30	342,95	4526	1.741	*2600		1280	Rauðinúpur ÞH 160	47,03	460,58	4601	2.001	*2300	
78	Haffari ÍS 430	39,40	227,24	2366	986	*2400		1408	Runólfur SH 135	47,10	312,27	5080	1.752	*2900	
1028	Sæljón SU 104	39,46	255,75	1618	851	*1900		1307	Hríseyjan EA 410	47,10	461,56	4604	2.002	*2300	
84	Gandí VE 171	39,61	212,02	793	751	1760		2154	Árbakur EA 308	47,15	445,37	5298	1.999	*2650	
1501	Þórshamar GK 75	39,65	325,64	1643	900	*1825		1029	Svanur RE 45	47,38	333,69	2663	1.331	*2000	
1905	Jöfur ÍS 172	39,77	254,33	3288	1.429	*2300		1061	Sighvatur Bjarnason VE 81	47,38	370,32	3267	1.742	*1875	
967	Keflvíkingur KE 100	40,51	279,79	1281	811	*1580		1349	Sigluvík SI 2	47,55	450,21	4083	1.701	*2400	
2233	Jóna Eðvalds SF 20	40,56	335,55	3262	1.673	*1950		1347	Jón Vídalín II ÁR 101	47,55	451,12	4083	1.701	*2400	
1035	Heimaey VE 1	40,71	271,55	3112	1.353	*2300	—	1348	Eyvindur Vopni NS 70	47,55	451,12	4083	1.701	*2400	
962	Óskar Halldórsson RE 157	40,90	250,12	2974	1.352	*2200	—	1325	Jón Vídalín ÁR 1	47,55	451,30	4083	1.701	*2400	
973	Björg Jónsdóttir II ÞH 320	40,90	272,90	2013	1.151	*1750	—	1346	Hólmanes SU 1	47,55	451,30	4083	1.701	*2400	
1506	Heiðrún ÍS 4	40,98	293,77	3483	1.451	*2400		1006	Háberg GK 299	47,74	366,45	2196	1.126	*1950	
1031	Bergur VE 44	41,91	265,62	1919	1.066	*1800		1972	Hrafn Sveinbjarnarson GK 255	47,90	390,32	8806	2.516	*3500	
1020	Guðmundur Ólafur ÓF 91	41,99	293,55	1484	1.302	1900		1576	Kolbeinsey ÞH 10	47,90	430,02	4505	1.802	*2500	
1626	Klettur SU 100	42,00	294,93	1362	801	*1700		1497	Kambaröst SU 200	47,91	487,07	4355	1.742	*2500	
2262	Júlíus Havsteen ÞH 1	42,10	422,84	4891	1.686	*2900		1060	Súlan EA 300	48,43	391,38	3514	1.802	*1950	
1752	Gissur ÁR 6	42,48	315,04	2452	1.066	*2300		264	Þórður Jónasson EA 350	49,00	324,19	3106	1.412	*2200	
2159	Tjaldur II SH 370	43,21	410,98	1614	1.076	2501		1011	Gígja VE 340	49,30	365,67	1441	900	*1600	
2158	Tjaldur SH 270	43,21	411,73	1614	1.076	2500		2266	Helga Björg HU 7	49,65	490,20	5210	1.797	*2900	
1478	Bergey VE 544	43,50	338,87	3222	1.401	*2300		1476	Björgúlfur EA 312	49,85	424,45	5887	2.103	*2800	
1416	Arney KE 50	43,57	346,51	2440	1.251	*1950	—	1451	Stefnir ÍS 28	49,85	430,71	5167	1.782	*2900	
1030	Björg Jónsdóttir ÞH 321	43,90	316,02	1621	900	*1800	—	1661	Gullver NS 12	49,86	423,45	4076	1.772	*2300	
979	Víkurberg GK 1	44,80	327,94	1298	1.202	1800	—	1509	Ásbjörn RE 50	49,86	442,43	5522	1.972	*2800	
2206	Baldur EA 108	45,30	474,93	2928	1.501	*1950		2248	Sindri VE 60	49,95	641,15	7090	2.727	*2600	
2259	Kan BA 101	45,30	820,18	3095	1.510	*2050		2242	Orri ÍS 20	49,95	776,88	8968	3.203	*2800	
1048	Faxi RE 241	45,35	330,95	2406	1.352	*1780	—	1046	Albert GK 31	49,96	334,85	3819	1.469	*2600	—
1337	Skafti SK 3	45,41	299,16	4994	1.850	*2700									
1128	Arnarnes SI 70	45,48	372,49	2027	1.469	2300									
1603	Sunnutindur SU 59	45,57	298,26	3743	1.701	*2200									
1433	Dala Rafn VE 508	46,47	296,68	3153	1.501	*2100									
1435	Haraldur Böðvarsson AK 12	46,47	299,08	3153	1.501	*2100									
1342	Sveinn Jónsson KE 9	46,53	297,69	3153	1.501	*2100									
1327	Framnes ÍS 708	46,56	407,33	5430	1.939	*2800									
1556	Drangur SH 511	46,68	404,48	4310	2.103	*2050									
1076	Guðrún Þorkelsdóttir SU 21	46,71	364,61	2568	1.352	*1900									


*Skrúfuhringur

+ Auknar togveiðiheimildir

- Skertar togveiðiheimildir

Reglugerðarlokanir og Friðunarsvæði

15.04.1997



Svartröndótt: Friðunarsvæði

Á eftirtöldum svæðum er bann við tog og línuveidum

Á Sporöðrunni

Norðan Haganesvíkur

Fyrir Norðausturlandi

Á Langanesgrunni

Á Digralesflaki

Á Glettinganesgrunni

Á Breiðdalsgrunni

Við Hrollaugseyjar

Á Friðunarsvæðum fyrir vestur og sv-landi er bann við togveidum.

Á blállúðumsvæðum fyrir vestur og sa-landi eru togveidar heimilar frá kl. 20.00 til kl. 08.00.

Rauðöppótt: Línuveidar bannaðar.

Við Íngólfsstöða.

Bann við dragnótaveidum, en heimilar veidar á hluta af svæðinu, ef notaður er leggluggi.

Grænröndótt svæði á Skjálfaðadýfl

Bann við rækjuveidum

Brúnröndótt svæði við Reykjanes

Sérstök línu og netasvæði (Bann við togveidum)

Einnig er í gildi Reglugerð um Friðun veðisvæða fyrir suðurlandi

